



## Fundur í aðalstjórn Aftureldingar, 11. desember 2023.

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Aftureldingar kl. 17:30

### Mættir stjórnarmenn:

Birna Kristín Jónsdóttir (BJ), Hrafn Ingvarsson (HI), Sigurður Rúnar Magnússon (SRM), Geirarður Long (GL), Inga Hallsteinsdóttir (IH), Hildur Pála Gunnarsdóttir (HPG). Reynir Árnason (RÁ),

### Mættir starfsmenn:

Grétar Eggertsson (GE) framkvæmdastjóri.

### Gestir á fundi:

Hanna Björk Halldórsdóttir

### Dagskrá:

#### 1. Kjör íþróttamanns ársins og aðrar viðurkenningar

Hanna Björk Halldórsdóttir kynnti niðurstöður nefndarinnar um þeirra val á íþróttamanni og konu ársins. Eftirtaldir aðilar eru valdir:

- Íþróttamaður ársins: Þorsteinn Leó Gunnarsson, handbolti
- Íþróttakona ársins: Katrín Helga Davíðsdóttir, handbolti

#### Aðrar viðurkenningar:

- Lið ársins: Meistaraflokkur karla í handbolta
- Vinnuþjarkurinn: Ragnar Ólason
- Starfsbikar UMFÍ: BUR knattspyrna fyrir skipulagninu og umgjörð á Weetosmóti
- Hvatabikar aðalstjórnar: Meistaraflokkur karla í handbolta vegna umgjörð í bikarúrlitaleik og úrslitakeppni.
- Þakkir til samstarfsaðila: Malbikstöðin
- Þjálfari ársins: Gunnar Magnússon / Magnús Einarsson
  - Stjórn ræddi um ofangreinda þjálfara og var með sinn rökstuðning. Þessu vali var vísað aftur til nefndarinnar.
- Gunnillubikarinn: Verður ekki afhentur þetta árið þar sem ekki hefur náðst tilsettur árangur í frjálsum íþróttum.

Einnig verða heiðraðir þeir íþróttamenn sem tóku þátt í landsliðsverkefnum á árinu 2023 Viðburðurinn verður haldin þann 27. desember kl. 18:00 í Hlégarði.

#### 2. Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar

Í samantekt frá Mosfellsbæ eftir seinni umræðu um fjárhagsáætlun bæjarins voru þetta helstu niðurstöður:



- Hækkun á rekstrarframlagi til Aftureldingar, 10 mkr samhliða endurskoðun á samningi á árinu 2024
- Kaup á varnarlagi fyrir gólf allt að 15 mkr.
- Endurbætur á búningsaðstöðu 15 mkr.
- 200 mkr í frjálsíþróttabraut árið 2025
- 1 milljarður í þjónustubyggingu á árunum 2025 og 2026
- 500 mkr fyrir stúku árið 2027
- Samhliða þessu að þá er það mat Mosfellsbæjar að það þurfi meira fjármagn til uppbyggingar og það verður eitt af verkefnum stýrihóps að skoða tekjuöflunarmöguleika

Umræða var í stjórn Aftureldingar um hvernig hækkun á rekstrarframlagi til skrifstofu skuli verða varið og ákveðið að nýta næstu vikur til að greina það betur og vera með góða áætlun þar um. Framkvæmdastjóri mun leiða þá vinnu ásamt stjórn

### 3. Önnur mál

- a. Gjaldkeri aðalstjórnar upplýsti stjórn um áhyggjur vegna fjármála einnar deildar og að það þyrfti að vera vel vakandi yfir framhaldinu. Umræða varð um reksturinn og munu gjaldkeri og framkvæmdastjóri taka umræðuna áfram með viðkomandi deild.
- b. Framkvæmdastjóri upplýsti um stöðu á samning varðandi styrktarþjálfun en hann hefur verið sendur til baka með athugasemdu. Framkvæmdastjóri tekur það verkefni áfram og ber undir stjórn til samþykktar þegar komið er að þeim tímapunkti. Umræða varð meðal stjórnar hvaða hópar ættu að hafa aðgang að aðstöðunni. Íþróttafulltrúi mun senda núverandi stundartöflu Aftureldingar til stjórnar. Taka þarf ákvörðun í framhaldinu með æfingartíma þeirra hópa sem ekki falla beint undir afrekshóp en eru með skipaðan þjálfara og/eða keppa á íslansmótum. Æfingartímar þessa hópa væru aldrei einstaklingstímar heldur hópatímar sem væru lausir í stundarskrá. Stjórn er hlynnt því að það sé hægt að gera slíkt en það þarf þó að vera skýrt að afrekshópar hafa forgang og eingöngu verður um tíma að ræða sem eru lausir í stundarskrá eftir að búið er að raða niður afrekshópum.

Fundi slitlið kl. 18:45

Grétar Eggertsson ritaði fundargerð.